

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2640  
komudagur 23. 5. 2011




Nefndasvið Alþingis  
,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2011  
Tilv. 2011050122/0.2.0

**Efni: Umsagnarbeiðni - 675. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags 12. maí s.l. þar sem óskað er umsagnar ÁTVR um frumvarp til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands (breyting ýmissa laga), 675. mál. ÁTVR gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst  
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

  
Sigrún Ósk Sigurðardóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2399  
komudagur 13.5.2011

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A


Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði  
S: 569 7900 F: 569 7990  
fiskistofa@fiskistofa.is  
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 13.05.2011  
Tilv. 0011/2011 - 0.2.1

Vísað er til bréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 12. maí 2011, þar sem Fiskistofu er sent til umsagnar frumvarp til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands (breyting ýmissa laga), 675. mál.

Fiskistofa þakkar Alsherjarnefnd Alþingis fyrir að hafa fengið ofangreint frumvarp sent til umsagnar og gerir engar athugasemdir við efni frumvarpsins.

F. h. Fiskistofu

  
Eyþór Björnsson



# GEISLAVARNIR RÍKISINS

ICELANDIC RADIATION SAFETY AUTHORITY

*Alþingi*

*Erindi nr. P 139/2533*

*komudagur 18.5.2011*

Alþingi  
Nefndasvið  
við Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2011  
201105044

**Efni: Engar athugasemdir**

Geislavarnir ríkisins gera engar athugasemdir við frumvarp til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands (breyting ýmissa laga), 675. mál.

Virðingarfyllt,

Kristín Rós Björnsdóttir  
fulltrúi



Allsherjarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 139/2807*  
*komudagur 27.5.2011*


Reykjavík, 27.05.2011  
Tilv. 90.13  
JS/sdk

**Málefni: Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands, 675. mál, 139. löggjafarþing 2010-2011**

Vísað er í erindi allsherjarnefndar Alþingis dagsett 13. maí 2011 með beiðni um umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um ofangreint frumvarp til laga.

Engar athugasemdir eru gerðar við framlagt frumvarp.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,



Jóhann Sigurjónsson

---

**Heimilisfang:**

Skúlagötu 4  
Pósthólf 1390  
121 Reykjavík

**Sími:**

575-2000

**Póstfax:**

575-2001

**Heimasíða:**

[www.hafro.is](http://www.hafro.is)

**Tölvupóstfang:**

[hafro@hafro.is](mailto:hafro@hafro.is)

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2594  
komudagur 20.5.2011



Innheimtustofnun  
sveitarfélaga


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2011

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands  
(breyting ýmissa laga), 675. mál.

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur verið beðin um að veita umsögn vegna frumvarps til laga heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands (breyting ýmissa laga), 675. mál. Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur farið yfir frumvarpið og sér ekki að það snerti starfsemi stofnunarinnar. Gerir stofnunin því að svo stöddu engar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Jón Ingvar Pálsson, forstjóri



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
Directorate of Health

Alþingi  
Fríndi nr. P 139/2806  
Mánudagur 30.5.2011


Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 26. maí 2011  
2011050125/0.1.2/GG/gh

**Efni: Frv. til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands (breyting ýmissa laga),  
675. mál.**

Landlæknir hefur ekki athugasemdir fram að færa við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,

  
Geir Gunnlaugsson  
landlæknir

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2582  
komudagur 20.5.2011



Alþingi – nefndasvið.  
Allsherjarnefnd  
v.t. Elín Valdís Þorsteinsdóttir, lögfr.,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 23. maí 2011  
11.16


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands (heildarlög), 674. mál og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands, 675. mál.**


Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi til nýrra heildarlaga um Stjórnarráð Íslands og tilheyrandi frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum, verður ekki séð að breyting sé gerð á lagalegri stöðu Landsnets hf.

Verði frumvörpin að lögum er rétt að vekja athygli á mikilvægi þess að skýrt sé hvernig stjórnarmálefnum sé skipt milli ráðuneyta, sbr. 4. gr. frumvarps til laga um Stjórnarráð Íslands, með því að heiti ráðherra verður nú almennt í lögum í stað þess að vera sértækt eins og verið hefur.

Fyrirtækið gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við efni frumvarpanna.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landsnets hf.

  
Þórður Guðmundsson, forstjóri.



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík - Iceland  
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is  
Sími/Tel: +354 515 90 00  
Fax: +354 515 90 07

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 139/2888*  
*komudagur 6.6.2011*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 06.06.2011  
Tilvísun vor: 98.11

Efni: **Umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands (breyting ýmissa laga), 675. mál**

Að beiðni Alþingis er hér með lútin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands (breyting ýmissa laga), 675. mál.

Landsvirkjun hefur farið yfir efni frumvarpsins og gerir ekki við það athugasemdir.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson  
forstjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2641  
komudagur 23.5.2011

 **ORKUSTOFNUN**

Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík  
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 23. maí 2011  
Tilvísun: 2011050014/50.11  
Verknúmer: 1227000

**Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands, 675. mál**

Orkustofnun hefur borist erindi Allsherjanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar við frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands, 675. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni frumvarpsins og hefur við það engar athugasemdir.

Virðingarfyllst,

  
Guðni A. Jóhannesson

  
Harpa Þorunn Pétursdóttir



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi  
Erindi nr. þ 139/2580  
komudagur 20.5.2011

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	19. maí 2011	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis allsherjarnefndar alþingis, dags. 12. maí sl, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands (breyting ýmissa laga), 675. mál.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við frumvarpið.

*Stjórn Ríkisendurskoðunar*  
*Linn Ólafsson*



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2615  
komudagur 23.S. 2011

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 18. maí 2011

Tilvísun: 2011050118

50.03

Tilvísun yðar: Pskj. 1192-675. mál

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands**

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra 12. maí sl. þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands, 675. mál. Af hálfu embættis ríkislögreglustjóra eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

F.h. RLS

Gísli Pálsson / Hildur Georgsdóttir

# RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2616  
komudagur 23. 5. 2011

SJF/kb

Reykjavík 22. maí 2011

Tilv.: 201105-0458

670

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands (breyting ýmissa laga), 675. mál.

Ríkissaksóknari gerir engar athugasemdir við efni frumvarpsins.



Sigríður J. Friðjónsdóttir

ríkissaksóknari

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi

Erindi nr. P 139/2643

Þriðjudagur 29/5.2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, allsherjarnefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. maí 2011 R2011050017  
T-ums 30/11


**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands - 675. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 12. maí 2011 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til heildarlaga um Stjórnarráð Íslands. Í samræmi við 2. gr. þess frumvarps eru í því frumvarpi sem hér er til umsagnar lagt til að gerðar verði breytingar á lögum þar sem fagheiti ráðherra eða ráðuneytis kemur fram. Í stað fagheitisins komi hugtakið ráðherra eða ráðuneyti.

Að mati ríkisskattstjóra er ekki ástæða til að gera athugasemd við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2539  
komudagur 18.5.2011



## SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. maí 2011.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands, 674. mál, og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands, 675. mál.**

Allsherjarnefnd hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins á frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands ásamt fylgifrumvarpi. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það byggist að miklu leyti á tillögum um hvernig mæta megi ábendingum og tillögum sem fram komu í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og í skýrslu þingmannanefndar sem falið var að fjalla um fyrrnefnda skýrslu. Fram kemur að breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu hafi það að markmiði að efla samhæfingu starfa á milli ráðherra.

Innan raða Samtaka atvinnulífsins eru skiptar skoðanir um efni frumvarpsins. Efasemdir beinast einkum að því ákvæði frumvarpsins þar sem heiti ráðuneyta er ekki lengur lögbundið heldur að stjórnarmálefni falla undir ráðuneyti eftir ákvæðum forsetaúrskurðar hverju sinni sem kveðinn er upp samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Komi upp vafi eða ágreiningur um það undir hvaða ráðuneyti stjórnarmálefni heyrir skeri forsætisráðherra úr. Mikilvægi þessarar breytingar til að efla samhæfingu á milli ráðherra er óljós.

Með þessari tilhögun veitir löggjafinn forsætisráðherra meira vald um að ákveða heiti, verkefni og umfang hvers ráðuneytis en verið hefur. Það er ekki sjálfgefið að minni afskipti löggjafans af því hvernig skipan Stjórnarráðs Íslands er háttað bæti stjórnsýslu í landinu. Hin nýja tilhögun gefur forsætisráðherra möguleika til að færa stofnanir og málaflokka milli ráðuneyta óháð því hvort til þess séu fagleg rök eða hvort ástæður lúta t.d. að lausn á tíma- eða staðbundnum pólitískum ágreiningsefnum.

Tíðar tilfærslur verkefna innan Stjórnarráðs Íslands með breytingu á forsetaúrskurði geta ýtt undir pólitískan óróa og óstöðugleika. Einnig skiptir miklu fyrir efnahagslega hagsæld og félagslega velferð í landinu að ákveðinn stöðugleiki ríki í starfsemi Stjórnarráðs Íslands og stjórnsýslu ríkisins. Hætta getur einnig skapast á að verkefni falli milli stafs og hurðar eða að margir aðilar sinni sama verkinu.

Nýverið hafa átt sér stað umfangsmiklar breytingar á skipan ráðuneyta með fækkun þeirra og stækkun og fyrirhuguð er enn frekari fækkun ráðuneyta. Skiptar skoðanir hafa verið um breytingarnar og reynslan mun væntanlega leiða í ljós ágæti þeirra. Hætta er á að með fyrrnefndri niðurfellingu ákvæðis um heiti ráðuneyta geti skipan Stjórnarráðs Íslands orðið að tilraunaverkefni þar sem stöðugt er verið að leita bestu lausnar sem ólíkar skoðanir geta verið á.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samandregið af framansögðu kann það að vera viturlagt að hinkra með að breyta ákvæði 4. gr. nágildandi laga um Stjórnarráð Íslands þar til að fengist hefur reynsla á ágæti núverandi skipan og hvernig tekst að efla samhæfingu á milli ráðherra á grundvelli annarra ákvæða frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Alþingi  
Málindi nr. P 139/2690  
Mundlagur 24.5.2011

24. maí 2011  
SI-75095

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík


*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands, 139. löggjafarþing, 675. mál.


Með tölvupósti dags. 12. maí sl., óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram, að það sé lagt fram samhliða frumvarpi til heildarlaga um Stjórnarráð Íslands, og að í 2. gr. þess frumvarps sé gert ráð fyrir að heiti ráðuneyta verði ekki lengur tilgreind í lögum, heldur verði þess í stað eingöngu kveðið á um heiti ráðuneyta og fjölda þeirra, innan vissra marka, með forsetaúrskurði. Til samræmis við það er lögð til sú breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, samkvæmt 324. gr. frumvarpsins, í CCCXXIV. kafla þess, að í stað orðanna „efnahags- og viðskiptaráðherra“ í 22. gr. laganna komi: „ráðherra“.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

  
Ragnar Áni Sigurðarson  
lögfræðingur





TOLLSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2642  
komudagur 23.5.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 20. maí 2011.

**Málefni:** *Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Þingskjal 1192 - 675. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.*

Tollstjóri hefur móttengið erindi Allsherjarnefndar Alþingis, sent með tölvupósti 12. maí sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Þingskjal 1192 - 675. mál.

Frumvarp þetta er lagt fram á Alþingi samhliða frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands. Í frumvarpi um Stjórnarráð Íslands er ekki gert ráð fyrir að heiti ráðuneyta verði tilgreint í lögum heldur að kveðið verði á um það í reglugerð. Vegna þessa er í frumvarpi þessu lagt til að gerðar verði breytingar á öllum sérlögum í lagasafni þar sem fagheiti ráðherra eða ráðuneytis kemur fram. Í stað fagheitis komi eftir atvikum „ráðherra“ eða „ráðuneyti“.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Sigurður Skúli Bergsson  
aðstoðartollstjóri

Alþingi  
Erindi nr. L 9/2/2463  
komudagur 17.5.2011



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 17. maí 2011  
RH/SLB/036/2011


**Efni: Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráði Íslands - 675. mál.**

Vísað er til tölvubréfs, dags. 12. maí 2011, þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Stofnunin vill vekja athygli á að slík breyting sem hér um ræðir kallar óhjákvæmilega á mjög virkt og skýrt utanumhald svo öllum sé ljóst til hvaða ráðuneytis hver málaflokkur tilheyrir.

Að öðru leyti hefur stofnunin ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,



Sigríður Lílý Baldursdóttir  
forstjóri



UMFERÐARSTOFA

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2515  
komudagur 18.5.2011

18.05.2011  
11050064 MJ

Alþingi  
B.t. Nefndasviðs  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni:** Umsögn Umferðarstofu við frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Þingskjal 1192 – 675. mál.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Umferðarstofu vegna ofangreinds frumvarps.

Umferðarstofa gerir engar athugasemdir.

*Virðingarfyllst,*

*Marta Jónsd.*

*Marta Jónsdóttir, lögfr.*

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2581  
komudagur 20.5.2011

Nefndasvið Alþingis — Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)


Dags. 20.5.2011  
Tilv. 5618-0-0005/0.5  
Mál 2011-56

**Frumvarp til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands**  
**Þskj. 1192 – 675. mál**

Með erindi dags. 12. maí sl. fékk Veðurstofa Íslands til umsagnar frumvarp til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands.

Veðurstofan leggur ekki fram umsögn um frumvarp þetta.

Virðingarfyllst



Hafdis Karlsdóttir  
staðgengill forstjóra VÍ



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
b/t. Elínar V. Þorsteinsdóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands, (674. mál), og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands (675. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands og breytingar á öðrum lögum vegna þess.

Viðskiptaráð fagnar áformum sem eiga leiða af sér frekari samhæfingu starfa á milli ráðuneyta og auka samstarf. Samhæfing og samstarf milli ráðuneyta er nauðsynleg til að stjórnvöld geti þjónað hagsmunum almennings sem best. Ósamhæfðar aðgerðir og stefnur milli ráðuneyta í einstaka málaflokkum geta valdið sundrung og deilum sem geta haft neikvæðar afleiðingar í för með sér.

Í ofangreindu frumvarpi er kveðið á um að ráðuneyti skuli aldrei vera fleiri en tíu hverju sinni, hefði mátt ganga lengra í þessum efnum að mati ráðsins eða í það minnsta hafa leiðbeinandi tilmæli í greinargerð í þá átt að fækka ráðuneytum. Ráðið fagnar þó því að takmörkun sé sett fram um hámark ráðuneyta.

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands

Alþingi  
Nefndasvið  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. maí 2011


Tilvisun: 201105-0056/0.03.02

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands, þskj. 1192-675 mál**

Vísað er til beiðni yðar um umsögn um ofangreint frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands, sem barst með tölvupósti dags. 12 maí 2011.

Vinnueftirlit ríkisins gerir engar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllst  
f.h. Vinnueftirlitsins



Björn Þór Rognvaldsson  
lögfræðingur

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2705  
komudagur 24. 5. 2011



VÍSINDASIÐANEFND

Vegmúla 3, 108 Reykjavík,

Sími: 551 7100, Bréfsími: 551 1444

netfang: visindasidanefnd@vsn.stjr.is

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 17. maí 2011


Tilv.: VSN62011050012/04.1

Efni: Varðar: FS-11-033 Allsherjarnefnd Alþingis óskar eftir umsögn Vísindasiðanefndar vegna frumvarps til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands (breyting ýmissa laga), 675. mál.

Vísað er í bréf þitt, dagsett 12. maí 2011, þar sem óskað er eftir umsögn Vísindasiðanefndar um framvarp til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands (breyting ýmissa laga), 675. mál. Nefndin óskaði þess að svar Vísindasiðanefndar bærst eigi síðar en 23. maí.

Eftir að hafa farið vandlega yfir frumvarpið sér Vísindasiðanefnd ekki ástæðu til athugasemda.

Með kveðju,  
f.h. Vísindasiðanefndar,

  
dr. med., Björn Rúnar Lúðvíksson, læknir, formaður